

VIRK framtíðarsýn

Innihald:

| | |
|--|---|
| Hlutverk VIRK..... | 2 |
| Framtíðarsýn VIRK..... | 2 |
| Gildi VIRK..... | 3 |
| Fagmennska..... | 3 |
| Virðing..... | 3 |
| Metnaður..... | 3 |
| Meginþættir starfsáætlunar fyrir 2016..... | 4 |
| Árangursrík þjónusta..... | 4 |
| Skilvirkt og samræmt verklag..... | 4 |
| Öflug liðsheild..... | 5 |
| Ábyrgur rekstur..... | 5 |
| Þekking og rannsóknir..... | 5 |

Hlutverk VIRK

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingaráþingunni

Nánar:

- VIRK skipuleggur, fjármagnar og hefur umsjón með störfum ráðgjafa, sérfræðinga og þjónustuaðila sem koma að mótun og framkvæmd einstaklingsmiðaðra áætlana í starfsendurhæfingu
- VIRK metur raunhæfi starfsendurhæfingar og starfsgetu einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu vegna heilsuþrengingar
- VIRK nýtir þekkingu, rannsóknir og reynslu til að tryggja samþætta, árangursríka og örugga þjónustu á sviði starfsendurhæfingar og starfsgetumats
- VIRK stuðlar að auknum rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar
- VIRK stuðlar að samstarfi mismunandi aðila sem koma að starfsendurhæfingu einstaklinga
- VIRK vinnur með fagaðilum, fyrirtækjum og stofnunum að því skapa fjölbreytt tækifæri fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu á vinnumarkaði

Framtíðarsýn VIRK

- VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði
- Samræmt starfsgetumat er grunnur að ákvarðanatöku varðandi vinnugetu einstaklinga
- Almennir, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld eru vel upplýst um ávinning af starfsemi VIRK
- VIRK er virt þekkingarsetur og leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar

Gildi VIRK

Fagmennska

- Við búum yfir þekkingu, færni og reynslu
- Við erum áreiðanleg
- Við leggjum áherslu á trúnað, öryggi og traust

Virðing

- Við berum virðingu fyrir sjálfum okkur og samferðafólki okkar
- Við leggjum áherslu á samvinnu og samstarf í öllum verkefnum
- Við erum sveigjanleg
- Við leggjum áherslu á umburðarlyndi og auðmýkt

Metnaður

- Við höfum kraft og hugrekki til að fara nýjar leiðir
- Við sýnum frumkvæði og framsækni
- Við lærum af reynslunni og viljum stöðugt gera betur

Meginþættir starfsáætlunar fyrir 2016

Árangursrík þjónusta

- Einstaklingum er tryggð tímanleg og fagleg þjónusta við hæfi með einstaklingsbundinni áætlun, viðeigandi úrræðum og tengslum við vinnumarkaðinn
- Áframhaldandi uppbygging á stöðluðu og markvissu matsferli
- Vinna að því að tengja styrkleika einstaklinga á markvissari hátt við möguleg störf á vinnumarkaði
- Auka og bæta upplýsingaflæði til einstaklinga í þjónustu m.a. með þróun á rafrænum lausnum
- Tryggja frekari notkun og þróun á árangursríkum aðferðum í starfsendurhæfingu fyrir einstaklinga með langvinn geðræn veikindi
- Draga úr kerfisbundnum hindrunum fyrir aukinni þátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu á vinnumarkaði í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins
- Auka enn frekar reglubundið samstarf við þjónustuaðila í starfsendurhæfingu, framfærsluaðila og allar helstu stofnanir velferðarkerfisins
- Stuðla að aukinni samþættingu innan velferðarkerfisins í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, stjórnvöld og aðrar stofnanir
- Kynna starfsemi VIRK markvisst fyrir almenningi, fyrirtækjum, stofnunum, hagsmunaaðilum, samstarfsaðilum og stjórnvöldum

Skilvirkt og samræmt verklag

- Áframhaldandi skerping á vinnuferlum og verklagi starfsmanna VIRK, ráðgjafa og sérfræðinga í rýni- og matsteymum með það að markmiði að auka árangur og hagkvæmni í þjónustu
- Nýta markvisst reynslu og rannsóknir innan og utan VIRK til að straumlínulaga þjónustuferla og ná fram meiri árangri og hagkvæmni
- Ljúka ISO9001:2008 vottun og aðlaga að ISO9001:2015
- Innleiðing á nýju upplýsingakerfi fyrir VIRK komin vel á veg fyrir árslok 2016
- Rafrænar tengingar við helstu samstarfsaðila þar sem markmiðið er aukið öryggi og hagkvæmni
- Aukin áhersla á aðferðarfræði verkefnastjórnunar til að stýra flóknum verkefnum sem vinnast þvert á deildir og svið

Öflug liðsheild

- Áhersla á jákvæðan starfsanda sem einkennist af sterkri liðsheild
- Frekari innleiðing á mannauðsferlum hjá VIRK, sem tekur m.a. til fræðslu og þjálfunar, þróunar á frammistöðusamtölum og samskiptaleiðum
- Starfsfólk fái fræðslu og þjálfun sem tryggir fagmennsku og hæfni til að ná árangri í starfi
- Setja fram vegvísa fyrir umbótastarf sem byggir á frammistöðusamtölum, vinnustaðargreiningum og öðrum viðeigandi mælingum
- Tryggja markvisst upplýsingaflæði og skýrar boðleiðir m.a. með innleiðingu á samskiptastefnu VIRK

Ábyrgur rekstur

- Móta skýra fjármálastefnu og fylgja henni eftir
- Viðhafa góða og ábyrga stjórn fjármála með reglubundinni upplýsingagjöf til stjórnar
- Fylgja markvisst eftir innkaupastefnu VIRK m.a. með auknum útboðum á þjónustu þegar slíkt er mögulegt
- Fylgjast reglubundið með þróun útgjaldaliða og bregðast við eða gefa skýringar á frávikum frá samþykktum áætlunum
- Setja upp viðmið fyrir birgja og meta reglulega árangur þeirra
- Innleiða rafrænt samþykktarferli reikninga
- Sett verður fram stefna í umhverfismálum sem tekur meðal annars á vistvænum innkaupum og flokkun á endurnýtanlegum úrgangi

Þekking og rannsóknir

- Byggt verði upp öflugt samstarf við háskóla landsins hvað varðar kynningu á starfsemi VIRK og samvinnu í rannsóknarverkefnum
- Markviss uppbygging á námi í starfsendurhæfingu í samstarfi við háskóla
- Efla úrvinnslu gagna úr gagnagrunni VIRK með það að markmiði að ná meiri árangri í starfi VIRK
- Áframhaldandi þróun á faglegu innihaldi matsferils í samstarfi við innlenda og erlenda fagaðila
- Áframhaldandi þróun á uppbyggingu starfsgetumats í samstarfi við þá aðila sem bera ábyrgð á framfærslugreiðslum til einstaklinga með skerta starfsgetu

- Nýtt þróunarverkefni sem sem snýr að aukinni atvinnutengingu í starfsendurhæfingarferlinu komið vel á veg á árinu 2016
- Aukið samstarf við erlenda aðila með sameiginlegum þróunarverkefnum og gagnkvæmri upplýsingagjöf
- Auka vitund og þekkingu á þeim styrkjum sem í boði eru hjá VIRK fyrir rannsóknir og þróun starfsendurhæfingar á Íslandi